



# **Hlutastarfaleiðin: Atvinnuleysisbætur vegna minnkaðs starfshlutfalls**

Ríkisendurskoðun



# Efnisyfirlit




Efnisyfirlit.....	2
Inngangur.....	3
Lykiltölur.....	4
Niðurstöður.....	6
Umsagnir og viðbrögð.....	8
Viðbrögð félagsmálaráðuneytis.....	8
Viðbrögð Vinnumálastofnunar.....	9
<b>1 Hlutastarfaleiðin.....</b>	<b>10</b>
1.1 Atvinnuleysisbætur til þeirra sem lækka tímabundið í starfshlutfalli.....	10
1.2 Lagasetning.....	11
1.3 Framlenging hlutastarfaleiðarinnar.....	12
1.3.1 Strangari skilyrði.....	13
1.3.2 Aukið gagnsæi og aðhald.....	13
<b>2 Umfang úrræðisins.....</b>	<b>15</b>
2.1 Áætlaður kostnaður.....	15
2.2 Launamenn.....	16
2.3 Vinnuveitendur.....	16
<b>3 Framkvæmd og álitamál.....</b>	<b>22</b>
3.1 Fjöldi umsókna og kostnaður umfram spár.....	22
3.2 Ábendingar um misnotkun og ásókn fyrirtækja með sterkan efnahag.....	23
3.3 Eftirlit látið mæta afgangi meðan álag er mikið.....	23
3.4 Breyttar áherslur samhliða framlengingu úrræðisins.....	24
<b>4 Nýting úrræðisins eftir atvinnugreinum.....</b>	<b>27</b>



# Inngangur

Ríkisendurskoðun ákvað að eigin frumkvæði að hefja samtímaeftirlit með efnahagsaðgerð stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru er snýr að hlutastarfaleiðinni. Ákvörðun Ríkisendurskoðunar að hefja stjórnsýsluendurskoðun á úrræðinu og framkvæmd þess var tilkynnt félagsmálaráðuneyti og Vinnumálastofnun þann 11. maí 2020. Í úttekt þessari voru kannaðar forsendur, framkvæmd og árangur hlutastarfaleiðar stjórnvalda.

Ríkisendurskoðun aflaði gagna og upplýsinga frá félagsmálaráðuneyti og Vinnumálastofnun sem fengu drög að skýrslunni til umsagnar. Umsagnir sem bárust eru birtar í kaflanum „Umsagnir og viðbrögð“.

# Lykiltölur





# Niðurstöður

## Nýting hlutastarfaleiðar

Þann 20. mars 2020 var hlutastarfaleiðin lögfest vegna áhrifa útbreiðslu kórónuveirunnar og þann 15. maí sama ár höfðu 37 þúsund launamenn og 6.436 vinnuveitendur nýtt hlutastarfaleiðina. Í mars og apríl voru 11,6 ma.kr. greiddar úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna úrræðisins. Vinnuálastofnun gerir ráð fyrir að útgreiðslur vegna hlutabóta geti orðið um 30,7 ma.kr. árið 2020. Að teknu tilliti til aukins atvinnuleysis verði útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs um 83,9 ma.kr. sem er 56,5 ma.kr. hærra en áætlað var í upphafi árs.

Lögformlega felur hlutastarfaleiðin í sér aukinn rétt launamanna til atvinnuleysisbóta en ekki rétt fyrirtækja til stuðningsgreiðslna frá ríkissjóði. Engu að síður er ljóst að úrræðið getur lækkað launakostnað vinnuveitenda verulega og var því m.a. ætlað að bæta rekstrarskilyrði fyrirtækja sem orðið höfðu fyrir samdrætti. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnuálastofnun höfðu 85% þeirra vinnuveitenda sem nýttu hlutastarfaleiðina fram til 15. maí 2020 gert samkomulag við 1–6 starfsmenn um hlutastarf. Þá hafði 31 fyrirtæki samið við fleiri en 100 starfsmenn. Í 89% þeirra tilvika sem vinnuveitandi nýtti hlutastarfaleiðina voru heildargreiðslur til launamanna lægri en 3 m.kr. Eitt fyrirtæki sker sig úr bæði hvað varðar fjölda starfsmanna á hlutastarfaleiðinni og fjárhæð greiðslna en í mars og apríl greiddi Atvinnuleysistryggingasjóður 926 m.kr í hlutabætur vegna 2.493 starfsmanna Icelandair ehf. Heildargreiðsla vegna hlutabóta til starfsmanna móðurfélags flugfélagsins, Icelandair Group hf., nam 1.116 m.kr. vegna 3.318 starfsmanna.

## Opið úrræði

Allt bendir til þess að hlutastarfaleiðin hafi nýst til að tryggja framfærslu launamanna, styðja við vinnuveitendur vegna samdráttar og viðhalda ráðningarsambandi. Það hefur þó komið í ljós að þrátt fyrir áherslu stjórnvalda um að hlutastarfaleiðin væri stuðningur við lífvænleg fyrirtæki sem misst hefðu miklar tekjur virðist að nokkuð frjálrsræði hafi verið á túlkun laganna. Í hópi þeirra aðila sem hafa nýtt sér hlutastarfaleiðina eru fyrirtæki og fyrirtækjasamstæður sem búa að öflugum rekstri og traustum efnahag en ekki verður séð af lögnum og lögskýringargögnum að slíkt hafi verið ætlunin. Nokkur fyrirtæki hafa tilkynnt um að horfið verði frá nýtingu hlutastarfaleiðar og önnur boðað endurgreiðslu á framlagi Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ekki er þó ljóst hvort og þá hvernig sú endurgreiðsla eigi að eiga sér stað. Þá vekur athygli að sveitarfélög og opinberir aðilar hafa nýtt sér úrræðið þrátt fyrir að lögskýringargögn beri með sér að úrræðið hafi verið ætlað fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra.

Ríkisendurskoðun bendir á að fordæmalausar efnahagsaðstæður hafa kallað á skjót viðbrögð stjórnvalda til að styðja við vinnuveitendur og útvíkka rétt launamanna til atvinnuleysisbóta. Þrátt fyrir það er brýnt að haft sé eftirlit með nýtingu ríkisfjár, að staðinn sé vörður um hagsmuni ríkissjóðs og að útgreiðslur úr honum taki mið af vilja löggjafans.

## Umfang og kostnaður

Í frumvarpi um framlengingu hlutastarfaleiðarinnar er bent á að ef ekki hefði komið til þessa úrræðis hefði mögulega þurft að mæta sama kostnaði annars staðar í rekstri hins opinbera. Má þar vísa til framfærslukostnaðar sveitarfélaga en einnig úrræða um greiðslu launa á uppsagnarfresti. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að óvissa ríkir um þróun rekstrarskilyrða og efnahag

einstakra fyrirtækja og alls óvíst hvort og hversu mikill kostnaður hefði fallið á ríkissjóð ef ekki hefði komið til hlutastarfaleiðarinnar. Þetta á sérstaklega við í tilfellum þar sem fyrirtæki með öflugan rekstur og sterkan efnahag nýttu sér úrræðið.

### **Hert skilyrði fyrirhuguð vegna framlengingar úrræðisins**

Frumvarp um framlengingu hlutastarfaleiðarinnar hefur verið lagt fram á Alþingi. Í því felast m.a. hert skilyrði um fjárhag og rekstur viðkomandi vinnuveitanda ásamt hlutlægum viðmiðum m.a. um tekjufall. Í frumvarpinu eru einnig ákvæði sem stuðla að auknu aðhaldi og gagnsæi og renna styrkari stoðum undir eftirlit Vinnumálastofnunar. Ljóst er að fyrirtæki hafa nýtt sér leiðina þrátt fyrir að eiga ekki í bráðum rekstrar- eða greiðsluvanda.

Ríkisendurskoðun telur að fullt tilefni hafi verið fyrir stjórnvöld að endurskoða framkvæmd hlutastarfaleiðarinnar og bregðast við, enda sé þannig leitast við að úrræðið sé eingöngu nýtt af þeim aðilum sem því er ætlað að aðstoða.

### **Afturvirkar breytingar á staðgreiðslu opinberra gjalda**

Samkvæmt upplýsingum frá embætti Ríkisskattstjóra hafa um 160 launagreiðendur óskað eftir hækkun á áður tilkynntum launum í janúar og febrúar. Heildarhækkun á launum fyrir þessa tvo mánuði nemur rúmum 114 m.kr. Umræddar hækkunarbeiðnir eru bæði hærrí og fleiri en í venjulegu árferði. Ríkisendurskoðun telur að kanna þurfi nánar ástæður fyrir umræddum hækkunum.

### **Eftirlit Vinnumálastofnunar mikilvægt**

Allt frá því að Vinnumálastofnun opnaði fyrir umsóknir um atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli var áhersla stofnunarinnar á að tryggja framkvæmd úrræðisins umfram eftirlit. Stofnunin hefur boðað að eftirlit verði aukið eftir því sem álag á framlínuþjónustu minnkar. Mikilvægt er að Vinnumálastofnun hafi eftirlit með því að þeir vinnuveitendur sem nýta sér hlutastarfaleiðina uppfylli þau skilyrði sem sett eru fram í nýju frumvarpi um framlengingu úrræðisins.

Að mati Ríkisendurskoðunar þarf að tryggja virkt eftirlit með úrræðinu þegar í stað. Kanna þarf m.a. hvort vinnuveitendur uppfylli tiltekin skilyrði um rekstur, fjárhag og fjárhagsskuldbindingar.

# Umsagnir og viðbrögð

## Viðbrögð félagsmálaráðuneytis

„Félagsmálaráðuneytið hefur haft til yfirlestrar drög að samantekt Ríkisendurskoðunar vegna stjórnarsýsluendurskoðunar á úrræði stjórnvalda til að bregðast við áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru á vinnumarkaðinn á Íslandi eða hinni svokölluðu hlutastarfaleið – greiðslur atvinnuleysisbóta vegna minnkaðs starfshlutfalls. Endurskoðunin hófst með tilkynningu Ríkisendurskoðunar þann 11. maí sl. til félagsmálaráðuneytis og Vinnumálstofnunar og er ætlað að ljúka í dag 25. maí 2020.

Félagsmálaráðuneyti vill þakka fyrir þá vinnu sem lögð hefur verið í endurskoðunina á úrræðinu og telur hana sýna ágætlega þær sviðsmyndir sem stjórnvöld stóðu frammi fyrir í byrjun mars þegar efnahagsáhrifa kórónuveirunnar tók verulega að gæta. Við þær aðstæður þurfti að hafa hraðar hendur við undirbúning aðgerða og vinna gegn hrinu uppsagna sem voru í farvatninu á vinnumarkaði. Stjórnvöld hvöttu því öll fyrirtæki til þess að nýta sér þann möguleika að semja við starfsfólk sitt um minnkað starfshlutfall en viðhalda um leið ráðningarsambandi sínu við fyrirtækin. Þetta var gert í ríkum mæli eins og komið hefur á daginn og í raun miklu meira en fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir. Ræður þar hin mikla rekstraróvissa sem fyrirtækin stóðu frammi fyrir á þeim tíma þegar úrræðið tók gildi.

Fyrir lá einnig sú hættu að kostnaður hins opinbera yrði gífurlegur ef til uppsagna komi í ríkum mæli, bæði hvað varðar greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði til launamanna að loknum uppsagnarfresti sem og hvað varðar greiðslur úr Ábyrgðarsjóði launa ef fyrirtæki yrðu gjaldþrota svo þúsundum skipti vegna tekjufalls sem gerði það að verkum að þau gætu meðal annars ekki lengur staðið undir launakostnaði. Þótti því til mikils að vinna að gera fyrirtækjum kleift að bregðast við og lifa af óvissutímum sem fram undan var. Félagsmálaráðuneytið telur að betur megi undirstrika þessa stöðu í samantektinni neðst á bls. 4.

Í þessu sambandi bendir ráðuneytið á mikilvægi þess að í allri umræðu um viðbrögð stjórnvalda vegna áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru á vinnumarkaðinn sé greint á milli beinna styrkja eða annars konar aðstoðar við fyrirtæki annars vegar og greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði hins vegar sem renna til launamanna sem misst hafa starf sitt að hluta eða öllu leyti. Að mati ráðuneytisins mætti víða í umræddum drögum að samantekt Ríkisendurskoðunar draga betur fram en gert er að það er réttur launamanna, ekki fyrirtækja, að sækja um greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði samhliða minnkuðu starfshlutfalli. Með öðrum orðum eru það launamenn sem missa starf sitt að hluta sem geta sótt um greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði samhliða minnkuðu starfshlutfalli og þar með nýtt sér úrræðið enda hafi þeir áunnið sér rétt til atvinnuleysistrygginga með þátttöku á vinnumarkaði.

Þá má að mati ráðuneytisins víða í umræddum drögum að samantekt Ríkisendurskoðunar dragi fram með skýrari hætti en gert er að þau skilyrði sem sett eru í frumvarpi því sem félags- og barnamálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi, þar sem meðal annars er kveðið á um framlengingu á gildistíma úrræðisins, eru skilyrði sem snúa að rekstri hlutaðeigandi vinnuveitanda en skilyrðin hafa síðan bein áhrif á rétt viðkomandi launamanna til að nýta sér



úrræðið enda ekki um rétt fyrirtækjanna að ræða til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Félagsmálaráðuneyti taldi einnig að draga mætti skýrar fram þau skilyrði sem sett hafa verið fram í frumvarpi félags- og barnamálaráðherra um framlengingu úrræðisins. Þau skilyrði snúa að rekstri hlutaðeigandi vinnuveitanda en hafa sem slík áhrif á rétt viðkomandi launamanna til að nýta sér úrræðið enda hafa fyrirtæki eða vinnuveitendur engan rétt til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Líkt og komið hefur fram var úrræðinu ætlað að koma í veg fyrir hrinu uppsagna á innlendum vinnumarkaði með tilheyrandi kostnaði fyrir hið opinbera. Það er mat ráðuneytisins að með því að setja úrræðinu frekari skorður líkt og gert er í því frumvarpi sem félags- og barnamálaráðherra hefur mælt fyrir á Alþingi sé ákveðin hættu á því að færri launamenn geti nýtt sér úrræðið en ella sem aftur geti haft í för með sér tiltekinn kostnað fyrir hið opinbera sem kæmi þá fram annars staðar en í auknum greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þrátt fyrir framangreint hefur þótt óhjákvæmilegt að herða umrædd skilyrði hvað varðar rekstur hlutaðeigandi vinnuveitanda hverju sinni.“

Ríkisendurskoðun hefur tekið tillit til athugasemda félagsmálaráðuneytis og gert breytingar á skýrslunni þar sem ástæða var til.

### **Viðbrögð Vinnumálastofnunar**

„Þann 22. maí sl. bárust Vinnumálastofnun drög að niðurstöðu Ríkisendurskoðunar á úttekt embættisins á svokölluðu hlutabótaúrræði ríkisstjórnarinnar vegna Covid19 faraldursins. Í erindi frá Ríkisendurskoðun var Vinnumálastofnun veitt færi á að koma að umsögn um drögin. Vinnumálastofnun fagnar úttekt Ríkisendurskoðunar þar sem um er að ræða langstærsta og fjárfrekasta verkefni sem stofnuninni hefur verið falið til þessa.“

Ríkisendurskoðun hefur tekið tillit til athugasemda Vinnumálastofnunar og gert breytingar á skýrslunni þar sem ástæða var til.

# 1 Hlutastarfaleiðin

## 1.1 Atvinnuleysisbætur til þeirra sem lækka tímabundið í starfshlutfalli

Stjórnvöld kynntu hlutastarfaleiðina 21. mars 2020 ásamt níu öðrum aðgerðum til að bregðast við áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (sjá nánar [Viðspyrna fyrir Ísland – efnahagsaðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19](#)). Samkvæmt kynningu stjórnvalda er úrræðinu ætlað að tryggja störf launafólks og sjálfstætt starfandi einstaklinga og veita lífvænlegum fyrirtækjum, sem hafa misst miklar tekjur, stuðning til að halda starfsfólki í hlutastarfi og viðhalda þannig ráðningarsambandi launamanns og vinnuveitenda. Úrræðið var lögfest 20. mars, samanber [lög um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðarsjóð launa nr. 23/2020](#). Samkvæmt lögnum er hlutastarfaleiðin í boði til 1. júní 2020 og gildir afturvirkkt vegna þeirra sem lækkuðu í starfshlutfalli allt aftur til 15. mars 2020. Stjórnvöld hafa boðað að úrræðið verði framlengt til 31. ágúst og frumvarp þess efnis hefur verið lagt fram á Alþingi, samanber [pskj. 1427 á 150. löggjafarþingi](#) (sjá nánar kafla 1.3).

### Skýringarmynd 1.1 Aðdragandi að framkvæmd hlutastarfaleiðar




Samkvæmt hlutastarfaleiðinni greiða stjórnvöld allt að 75% launa þeirra sem lækka tímabundið í starfshlutfalli. Þegar starfshlutfall launamanns er lækkað um 20% hið minnsta en þó ekki neðar en í 25% koma launatekjur ekki til skerðingar atvinnuleysisbóta.

- Launamaður sem minnka þarf starfshlutfall sækir um greiðslur til Vinnumálastofnunar og vinnuveitandi skilar inn staðfestingu á breyttu starfshlutfalli og áætlun um mánaðar-tekjur viðkomandi. Báðir aðilar geta lokið ferlinu á vef Vinnumálastofnunar.
- Greiðslur frá Vinnumálastofnun nema tekjutengdum atvinnuleysisbótum í réttu hlutfalli við skert starfshlutfall. Starfsmaður heldur fullum launum upp að 400 þús.kr. og fær eftir það greiddar tekjutengdar atvinnuleysisbætur í hlutfalli við hið skerta starfshlutfall en þó að hámarki 90% af meðaltali heildarlauna upp að 700 þús.kr. á mánuði.

- Sjálfstætt starfandi einstaklingar geta nýtt sér úrræðið enda hafi þeir tilkynnt skattayfirvöldum um samdrátt í rekstri.

### Skýringarmynd 1.2 Dæmi um áhrif á tekjur ef starfshlutfall minnkar um 50%



Heimild: [Viðsýrni fyrir Ísland](#).

## 1.2 Lagasetning

Félags- og barnamálaráðherra lagði fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa (minnkað starfshlutfall) á Alþingi þann 13. mars 2020. Frumvarpið var samið í félagsmálaráðuneyti í samráði við Vinnumálastofnun, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. Samkvæmt ráðuneytinu ríkti mikil óvissa á vinnumarkaði og þörf var á skjótum viðbrögðum stjórnvalda. Þannig gafst ekki tími til hefðbundins samráðs, svo sem með opnu umsagnarferli í samráðsgátt stjórnvalda.

Í greinargerð frumvarpsins kom fram að nauðsyn lagasetningarinnar væri vegna breyttra aðstæðna á vinnumarkaði og óvissu vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar sem veldur COVID-19 sjúkdómnum. Gert var ráð fyrir miklum áhrifum á ferðabjónustu og áhrifum á um 18 þúsund störf hér á landi vegna alþjóðlegs ferðabanns. Markmið lagasetningarinnar var að stuðla að því að fyrirtæki héldu ráðningarsambandi við starfsmenn sína eins og frekast væri unnt, enda þótt það kynni að vera nauðsynlegt að minnka starfshlutfall þeirra að einhverju leyti vegna tíma- bundins rekstrarvanda.

### **Meiri áhrif en gert var ráð fyrir**

Samkvæmt upplýsingum sem Ríkisendurskoðun aflaði frá félagsmálaráðuneyti var mat á efnahagslegum áhrifum frumvarpsins unnið í samráði við Vinnumálastofnun. Mikil óvissa ríkti um hvaða afleiðingar útbreiðsla kórónuveirunnar og sóttvarnarráðstafana vegna hennar myndi hafa á innlandan vinnumarkað.

Ljóst er að ásókn og kostnaður við hlutastarfaleiðina er mun meiri en gert var ráð fyrir þegar frumvarpið var samið og að launamenn og vinnuveitendur hafa nýtt úrræðið í mun meiri mæli. Sjá frekari umfjöllun í kafla 3.1.

Velferðarnefnd Alþingis tók frumvarpið til umfjöllunar sama dag og ráðherra mælti fyrir því á Alþingi, þann 17. mars. Nefndin afgreiddi málið á tveim dögum. Í meðförum nefndarinnar var lágmarksstarfshlutfalli vegna samdráttar í starfsemi breytt í 25% í stað 50% eins og í upphafi var gert ráð fyrir, hámark sameiginlegra greiðslna frá vinnuveitanda og Atvinnuleysis-tryggingasjóði hækkað í 700.000 kr. á mánuði og það takmark sett að greiðslan mætti ekki nema hærri fjárhæð en 90% af meðaltali heildarlauna launamanns undangengna þrjá mánuði. Frumvarpið tók ýmsum öðrum breytingum eftir umfjöllun nefndarinnar sem áréttaði að um væri að ræða bætur til að koma til móts við minnkað starfshlutfall vegna tímabundins samdráttar í rekstri. Gert var ráð fyrir að dregið yrði úr vinnuframlagi launamanns sem næmi minnkuðu starfshlutfalli. Nefndin hvatti einnig Vinnumálastofnun til að stuðla að upplýsingagjöf um réttindi launamanna og ábyrgð vinnuveitenda. Allar breytingartillögur meirihluta velferðarnefndar voru samþykktar og var frumvarpið samþykkt sem lög frá Alþingi þann 20. mars 2020.

### **1.3 Framlenging hlutastarfaleiðarinnar**

Samkvæmt áformum ríkisstjórnarinnar sem voru kynnt 28. apríl 2020 (sbr. [Framhald hlutastarfaleiðar og aukinn stuðningur við fyrirtæki](#)) átti að framlengja hlutastarfaleiðina án breytinga til 30. júní 2020. Í júlí og ágúst yrði lágmarks starfshlutfall hækkað í 50%. Sækja yrði um úrræðið að nýju og endurskoðun skilyrða fyrir þátttöku var boðuð.

Í svörum félagsmálaráðuneytis dagsett 18. maí 2020 við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar kemur fram að þar sem ekki var ljóst á sínum tíma hversu mikil áhrif faraldurinn myndi hafa á innlandan vinnumarkað þótti ekki unnt að setja töluleg viðmið um hversu mikill samdráttur þyrfti að vera hjá fyrirtækjum þannig að starfsmenn þeirra gætu nýtt sér úrræðið. Því var ákveðið að setja sömu viðmið og gert var á árunum eftir efnahagshrunið 2008.

Mat félagsmálaráðuneytis er að úrræðið hafi gengið vel og að markmiðum þess hafi verið náð. Sá mikli fjöldi launamanna sem nýtt hefur úrræðið sýni að tekist hafi að koma í veg fyrir mikinn fjölda uppsagna á síðastliðnum mánuðum. Hins vegar hefur komið fram gagnrýni á hlutastarfaleiðina eftir að í ljós kom að fyrirtæki sem búa að sterkum rekstri og öflugum efnahag hafi nýtt úrræðið. Í kjölfar þess þótti mikilvægt að herða þau skilyrði sem fyrirtæki þurfa að uppfylla. Þau skilyrði koma fram í frumvarpi sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Ráðuneytið telur þó að með strangari skilyrðum muni færri geta nýtt sér hlutastarfaleiðina og því fleiri rata á almennar atvinnuleysisbætur, sem skila sér jafnan í lægri greiðslum til launafólks.

### 1.3.1 Strangari skilyrði

Frumvarp félags- og barnamálaráðherra um framlengingu hlutastarfaleiðar var lagt fram á Alþingi þann 15. maí, samanber [bskj. 1427 á 150. löggjafarþingi](#). Líkt og boðað hafði verið kveður frumvarpið á um framlengingu hlutastarfaleiðarinnar út ágúst 2020 og sett eru fram strangari og skýrari skilyrði um rétt til úrræðisins. Í stað almenns orðalags um samdrátt í starfsemi viðkomandi vinnuveitenda eru sett fram hlutlæg viðmið um samdrátt í mánaðarlegum tekjum. Nánar tiltekið verður meðaltal mánaðartekna frá 1. mars til þess dags er launamaður sækir um atvinnuleysisbætur vegna minnkaðs starfshlutfalls að hafa dregist saman um 25% miðað við eitt af eftirtöldum tímabilum:

- a. meðaltal mánaðartekna sama tímabils árið 2019,
- b. meðaltal mánaðartekna frá 1. júní 2019 til 31. ágúst 2019,
- c. meðaltal mánaðartekna frá 1. desember 2019 til 29. febrúar 2020 eða
- d. meðaltal mánaðartekna frá 1. mars 2019 til 29. febrúar 2020.

Þá eru sett fram önnur aukin skilyrði sem varða starfsemi vinnuveitenda, þar á meðal að viðkomandi hafi staðið skil á launatengdum og opinberum gjöldum, að skattskylda viðkomandi hér á landi sé ótakmörkuð og að staðin hafi verið skil á skýrslu um eignarhald á CFC-félagi (félag sem staðsett er á lágskattasvæði) ef við á. Þess er einnig krafist að viðkomandi vinnuveitandi staðfesti að á tímabilinu 1. júní 2020 til 31. maí 2023 hafi hann ekki í hyggju að:

- greiða út arð
- lækka hlutafé með greiðslu til hluthafa
- greiða óumsamda kaupauka
- kaupa eigin hlutabréf, eða inna af hendi aðra greiðslu til eigenda á grundvelli eignaraðildar þeirra

Jafnframt þarf viðkomandi að staðfesta að ekki verði greitt af víkjandi lánum fyrir gjalddaga og að eigendum eða nákomnum aðilum verði hvorki veitt lán né annað fjárframlag sem ekki varðar öflun, tryggingu eða viðhald rekstrartekna. Þá er skýr krafa um að hvorki eigendum né stjórnendum séu greidd mánaðarlaun sem nema hærrí fjárhæð en 3 m.kr. til hvers og eins.


### 1.3.2 Aukið gagnsæi og aðhald

Auk hertra og skýrari skilyrða um rétt til hlutastarfaleiðarinnar er lagt til að Vinnumálastofnun fái auknar heimildir til gagnaöflunar frá vinnuveitendum og geti krafist endurgreiðslu þeirra atvinnuleysisbóta sem greiddar eru á grundvelli úrræðisins á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst 2020 séu gögn eða gagnaskil viðkomandi vinnuveitenda ófullnægjandi eða sýna að skilyrði hlutastarfaleiðarinnar hafi ekki verið uppfyllt. Þá er stofnuninni heimilt að leggja 15% álag á endurgreiðslukröfuna. Þá er lagt til að:

*Einstaklingar eða lögaðilar sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veita Vinnumálastofnun rangar eða ófullnægjandi upplýsingar, svo sem um samdrátt í rekstri, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema brot megi teljast minni háttar.*

Einnig er lagt til í frumvarpinu að Vinnumálastofnun verði heimilt að birta opinberlega lista yfir vinnuveitendur launafólks sem nýtir hlutastarfaleiðina. Þau nýmæli sem frumvarp um framlengingu hlutastarfaleiðarinnar kynna til sögunnar koma til móts við þá gagnrýni sem úrræðið hefur sætt (sjá kafla 3).

## Skýringarmynd 1.3 Tímalína frá 21. mars til 15. maí 2020




## 2 Umfang úrræðisins

### 2.1 Áætlaður kostnaður

Greiðslur til launamanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga vegna hlutastarfaleiðarinnar koma úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Samkvæmt svörum Vinnumálastofnunar þann 14. maí 2020 við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar um stöðu og áhrif úrræðisins á Atvinnuleysistryggingasjóð kom fram að áætlað væri að útgreiðslur vegna hlutabóta gætu orðið um 30,7 ma.kr. Þar af er áætlað að greiðslur frá gildistöku úrræðisins til og með 31. maí sama ár verði um 19,3 ma.kr. Það er raunar lægra en gert var ráð fyrir þegar úrræðið var lögfest en þá gerðu stjórnvöld ráð fyrir að viðbótarkostnaður sjóðsins yrðu um 22 ma.kr. Í [frumvarpi til laga um framlengingu úrræðisins](#) er gert ráð fyrir að kostnaður vegna framlengingarinnar verði á bilinu 12,9 til 16,1 ma.kr.

Samhliða þessum kostnaði hefur atvinnuleysi orðið mun meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2020. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun er gert ráð fyrir að heildarútgreiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs árið 2020 verði um 83,9 ma.kr. sem er 56,5 ma.kr. hærra en áætlað var í ársbyrjun, samanber mynd 2.1. Í svörum félagsmálaráðuneytis 18. maí kom fram að gert er ráð fyrir að auknum kostnaði sjóðsins vegna hlutastarfaleiðarinnar verði mætt með framlögum í fjárukalögum 2020.

#### Skýringarmynd 2.1 Áætlaðar greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði 2020 í ma.kr.



Heimild: Vinnumálastofnun.

Í greinargerð lagafrumvarpsins um framlengingu hlutastarfaleiðarinnar er bent á að þótt kostnaðurinn sé mikill verði að taka tillit til þess að ef ekki kæmi til þessa úrræðis myndi kostnaðurinn mögulega koma annars staðar fram, t.a.m. í aukinni fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Einnig má benda á að ef kemur til starfsloka getur mögulega komið til greiðslu í gegnum úrræði stjórnvalda um greiðslu launa á uppsagnarfresti og að lokum beinna atvinnuleysisbóta.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á að ekki er hægt að fullyrða um hvort kostnaður vegna hlutabóta sem voru greiddar út vegna tímabundins samdráttar hefði óhjákvæmilega komið



fram síðar. Það á sérstaklega við um þau fyrirtæki sem nýttu sér leiðina þrátt fyrir ótvíræða rekstrarhæfni og sterkan efnahag sem og opinbera aðila og sveitarfélög.

## 2.2 Launamenn

Samkvæmt lögum nr. 23/2020 eru það launamenn sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum samhliða minnkuðu starfshlutfalli en óhjákvæmilega er frumkvæðið að því að launamaður nýti sér hlutastarfaleiðina hjá vinnuveitanda.

Þegar launamaður sækir um atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli þarf viðkomandi að gefa upplýsingar um vinnuveitanda, hvenær viðkomandi hóf störf, hvenær starfshlutfall var minnkað og starfshlutfall fyrir og eftir breytingu. Einnig þarf að upplýsa um aðrar tekjur, önnur hlutastörf ef við á og veita upplýsingar um bankareikning, lífeyrissjóð, viðbótarlífeyrissparnað og stéttarfélag. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun tekur 2–3 daga að afgreiða umsóknir og engin vandkvæði hafa orðið við greiðslur til launamanna sem hafa nýtt úrræðið.

Vinnumálastofnun birtir daglega á vef stofnunarinnar tölulegar upplýsingar um þann fjölda sem sótt hefur um að nýta hlutastarfaleiðina, samanber [COVID-19 mælaborð](#). Þann 26. maí 2020 höfðu 37.475 einstaklingar sótt um, þar af voru konur 43% og karlar 57%. Fjórðungur umsækjenda voru erlendir ríkisborgarar. Eins og vænta má eru flestir þeirra sem sótt hafa um búsettir á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, eða um 76%. Úrræðið er meira nýtt af yngra fólki en 15.478 eða 44% umsækjanda eru yngri en 35 ára. Langflestir umsækjendur komu inn á hlutastarfaleiðina fyrstu dagana eftir að Vinnumálastofnun opnaði fyrir umsóknir þann 25. mars 2020. Á þeim degi bárust 8.661 umsóknir og fyrir lok marsmánaðar voru þær orðnar 24.962. Nokkuð hægðist á umsóknum eftir því sem leið á apríl og maí. Á tímabilinu 10.–15. maí sama ár sóttu að meðaltali 15 einstaklingar á dag um atvinnuleysisbætur vegna lægra starfshlutfalls.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun hefur launamönnum sem fá greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði samhliða minnkuðu starfshlutfalli farið fækkandi og var talan komin niður í um 29 þúsund einstaklinga um miðjan maí 2020. Samkvæmt frumvarpi til laga um framlengingu úrræðisins er gert ráð fyrir að á tímabilinu júní til ágúst 2020 muni á bilinu 20 til 25 þúsund einstaklingar nýta sér rétt sinn til hlutastarfaleiðarinnar.

## 2.3 Vinnuveitendur

Eftir að launamenn sem sækja um atvinnuleysisbætur í minnkuðu starfshlutfalli hafa skilað nauðsynlegum gögnum þurfa vinnuveitendur þeirra að senda staðfestingu á samkomulagi um minnkað starfshlutfall í gegnum „Mínar síður“ vinnuveitanda á vef Vinnumálastofnunar. Þar verða vinnuveitendur að staðfesta að viðkomandi starfsmenn hafi samþykkt að minnka starfshlutfall sitt vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitanda. Einnig þurfa vinnuveitendur að skila inn tekjuáætlun þar sem fram kemur hvað viðkomandi einstaklingar munu fá greitt í laun eftir breytingu á starfshlutfalli.

Þann 11. maí 2020 óskaði Ríkisendurskoðun eftir upplýsingum frá Vinnumálastofnun um vinnuveitendur þeirra launamanna sem höfðu nýtt hlutastarfaleiðina. Umbeðin gögn bárust 15. maí sama ár. Alls var um 6.436 vinnuveitendur að ræða í mars og apríl. Heildargreiðslur Vinnumálastofnunar vegna úrræðisins á því tímabili námu 11,7 ma.kr. Í töflu 2.3 sést að af þessum 6.436 aðilum eru 2.996, eða 47%, sem nýttu úrræðið fyrir einn starfsmann. Gera má ráð fyrir að



umtalsverður hluti þess hóps séu sjálfstætt starfandi einyrkjar sem eiga rétt til hlutastarfaleiðarinnar. Samkvæmt upplýsingum sem Ríkisendurskoðun aflaði frá Ríkisskattstjóra þann 15. maí 2020 höfðu 3.800 sjálfstætt starfandi einstaklingar tilkynnt um tekjufall af völdum skertrar starfsemi í mars og apríl 2020. Slík tilkynning er nauðsynlegt skilyrði úrræðisins fyrir sjálfstætt starfandi atvinnurekendur.

**Tafla 2.3 Fjöldi vinnuveitenda með tiltekinn fjölda launamanna í hlutastarfaleið og greiðslur í mars og apríl**

Fjöldi launamanna	Vinnuveitendur		Greiðslur		
	Fjöldi	%	Samtals	%	Meðaltal
<b>1</b>	2.996	47%	1.113.648.975 kr.	10%	371.712 kr.
<b>2–3</b>	1.687	26%	1.481.257.244 kr.	13%	878.042 kr.
<b>4–6</b>	786	12%	1.353.661.137 kr.	12%	1.722.215 kr.
<b>7–9</b>	325	5%	879.119.007 kr.	8%	2.704.982 kr.
<b>10–19</b>	374	6%	1.711.179.534 kr.	15%	4.575.346 kr.
<b>20–29</b>	123	2%	967.090.564 kr.	8%	7.862.525 kr.
<b>30–49</b>	72	1%	831.641.022 kr.	7%	11.550.570 kr.
<b>50–69</b>	20	0,3%	340.764.421 kr.	3%	17.038.221 kr.
<b>70–99</b>	22	0,3%	518.909.461 kr.	4%	23.586.794 kr.
<b>100–149</b>	17	0,3%	502.972.699 kr.	4%	29.586.629 kr.
<b>150–199</b>	9	0,1%	388.582.034 kr.	3%	43.175.782 kr.
<b>200–299</b>	1	< 0,1%	98.184.956 kr.	1%	98.184.956 kr.
<b>300–499</b>	2	< 0,1%	308.514.717 kr.	3%	154.257.359 kr.
<b>500–999</b>	1	< 0,1%	248.061.080 kr.	2%	248.061.080 kr.
<b>1.000–1.999</b>	0	-	0	-	0
<b>2.000–2.999</b>	1	< 0,1%	926.076.572 kr.	8%	926.076.572 kr.
<b>Samtals:</b>	<b>6.436</b>	<b>100%</b>	<b>11.669.663.423 kr.</b>	<b>100%</b>	<b>1.813.186 kr.</b>

Heimild: Vinnuálastofnun, 15. maí 2020

Stærstur hluti eða um 85% vinnuveitenda hafa náð samkomulagi við 1–6 starfsmenn um hlutastörf. Alls hefur 31 fyrirtæki samið við fleiri en 100 starfsmenn og er yfirlit um þau fyrirtæki í töflu 2.4.

**Tafla 2.4 Fyrirtæki með fleiri en 100 starfsmenn á hlutastarfaleið**

Vinnuveitandi	Atvinnugrein	Fjöldi starfsmanna	Greitt samtals í kr.
Icelandair ehf.	Flutningar	2.493	926.076.572
Flugleiðahótel hf.	Gisting og veitingar	502	248.061.080
Bláa Lónið hf.	Félög/menning/pers.þj.	441	185.841.067
Íslandshótel hf.	Gisting og veitingar	365	122.673.650
Miðbæjarhótel/Centerhotels ehf.	Gisting og veitingar	201	98.184.956
Höldur ehf.	Ýmis sérhæfð starfsemi	183	53.545.395
Miklatorg hf.	Verslun	180	65.060.124
Össur Iceland ehf.	Iðnaður - vinnsla	166	30.638.123
Brimborg ehf.	Verslun	165	32.221.728
N1 ehf.	Verslun	156	29.187.381
Íslandspóstur ohf.	Flutningar	154	24.265.211
APA ehf.	Flutningar	153	58.492.060
Keahótel ehf.	Gisting og veitingar	153	49.920.918
Fríhöfnin ehf.	Flutningar	152	45.251.094
Flugfélag Íslands ehf.	Flutningar	148	40.305.450
Húsasmiðjan ehf.	Verslun	148	31.084.753
Öryggismiðstöð Íslands hf.	Ýmis sérhæfð starfsemi	142	36.689.911
Penninn ehf.	Verslun	135	39.079.458
Olíuverzlun Íslands ehf.	Verslun	133	21.237.771
TK bílar ehf.	Verslun	131	26.317.646
Útgerðarfélag Akureyringa ehf.	Fiskveiðar	129	9.572.002
Laugar ehf.	Félög/menning/pers.þj.	117	36.910.995
Samskip hf.	Flutningar	116	9.305.167
Samherji Ísland ehf.	Fiskveiðar	116	8.376.924
Bílaumboðið Askja ehf.	Verslun	112	35.479.374
Allrahanda GL ehf.	Ýmis sérhæfð starfsemi	109	56.328.403
Byko ehf.	Verslun	109	26.309.203
Ölgerðin Egill Skallagríms hf.	Iðnaður/hráefnavinnsla	109	23.841.633
Fosshótel Reykjavík ehf.	Gisting og veitingar	108	38.698.702
Iceland Travel ehf.	Ýmis sérhæfð starfsemi	106	42.452.774
Hekla hf.	Verslun	105	20.982.533

Heimild: Vinnuálastofnun, 15. maí 2020

Í töflu 2.5 má sjá skiptingu fjárhæða sem greiddar voru til launamanna eftir fjárhæðabilum. Algengast er að fyrirtæki séu með heildargreiðslur allt að 3 m.kr. eða hjá 89% þeirra.

**Tafla 2.5 Fjöldi vinnuveitenda innan tiltekinna fjárhæðarbila greiðslna vegna launamanna í hlutastarfaleið í mars og apríl**

Greiðslur í þús.kr.	Vinnuveitendur		Samanlagðar greiðslur	Fjöldi launamanna	Meðal fjöldi launamanna	Meðal-greiðsla á launamann
	Fjöldi	%				
<b>0</b>	50	1%	0 kr.	56	1	0 kr.
<b>&lt; 500</b>	2.397	37%	743.992.523 kr.	2.751	1	270.444 kr.
<b>500–999</b>	1.756	27%	1.177.702.553 kr.	3.182	2	370.114 kr.
<b>1.000–2.999</b>	1.517	24%	2.514.112.047 kr.	7.279	5	345.393 kr.
<b>3.000–4.999</b>	331	5%	1.270.551.818 kr.	3.641	11	348.957 kr.
<b>5.000–9.999</b>	246	4%	1.691.576.166 kr.	5.436	22	311.180 kr.
<b>10.000–19.999</b>	86	1%	1.143.185.682 kr.	3.161	37	361.653 kr.
<b>20.000–49.999</b>	43	1%	1.262.764.592 kr.	4.197	98	300.873 kr.
<b>50.000–99.999</b>	6	0,1%	383.125.673 kr.	918	153	417.348 kr.
<b>100.000–199.999</b>	2	< 0,1%	308.514.717 kr.	806	403	382.773 kr.
<b>200.000–499.999</b>	1	< 0,1%	248.061.080 kr.	502	502	494.146 kr.
<b>&gt; 500.000</b>	1	< 0,1%	926.076.572 kr.	2.493	2.493	371.471 kr.
<b>Samtals:</b>	<b>6.436</b>	<b>100%</b>	<b>11.669.663.423 kr.</b>	<b>34.422</b>	<b>5</b>	<b>339.018 kr.</b>

Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020

Sjá má yfirlit um fyrirtæki sem eru með yfir 30 m.kr. í heildargreiðslur til launamanna í töflu 2.6.

**Tafla 2.6 Fyrirtæki með heildargreiðslur til launamanna yfir 30 m.kr.**

Vinnuveitandi	Flokkun	Greitt samtals í kr.	Fjöldi starfsmanna
Icelandair ehf.	Flutningar	926.076.572	2.493
Flugleiðahótel hf.	Gisting og veitingar	248.061.080	502
Bláa Lónið hf.	Félög/menning/pers.þj.	185.841.067	441
Íslandshótel hf.	Gisting og veitingar	122.673.650	365
Miðbæjarhótel/Centerhotels ehf.	Gisting og veitingar	98.184.956	201
Miklatorg hf.	Verslun	65.060.124	180
APA ehf.	Flutningar	58.492.060	153
Allrahanda GL ehf.	Ýmis sérhæfð starfsemi	56.328.403	109
Höldur ehf.	Ýmis sérhæfð starfsemi	53.545.395	183
Hópbifreiðar Kynnisferða ehf.	Flutningar	51.514.735	92
Keahótel ehf.	Gisting og veitingar	49.920.918	153
Sjóklæðagerðin hf.	Sérfræðiþjónusta	46.309.575	87
Fríhöfnin ehf.	Flutningar	45.251.094	152
Iceland Travel ehf.	Ýmis sérhæfð starfsemi	42.452.774	106
Flugfélag Íslands ehf.	Flutningar	40.305.450	148
Penninn ehf.	Verslun	39.079.458	135
Fosshótel Reykjavík ehf.	Gisting og veitingar	38.698.702	108
Laugar ehf.	Félög/menning/pers.þj.	36.910.995	117
Öryggismiðstöð Íslands hf.	Ýmis sérhæfð starfsemi	36.689.911	142
Bílaleiga Flugleiða ehf.	Ýmis sérhæfð starfsemi	36.411.669	94
Straumhvarf ehf.	Ýmis sérhæfð starfsemi	36.292.590	86
ALP hf.	Ýmis sérhæfð starfsemi	35.899.750	84
Bílaumboðið Askja ehf.	Verslun	35.479.374	112
Brimborg ehf.	Verslun	32.221.728	165
Húsasmiðjan ehf.	Verslun	31.084.753	148
Össur Iceland ehf.	Iðnaður/hráefnavinnsla	30.638.123	166
Ferðaskrifstofa Kynnisferða ehf	Flutningar	30.013.396	59

Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020

Í kafla 4 má svo finna yfirlit um þau fimmtán fyrirtæki sem hafa fengið hæstar heildargreiðslur til launamanna sinna flokkuð eftir atvinnugreinaflokkun ISAT2008.

### **Icelandair Group hf.**

Áætlanir og rekstur Icelandair Group hf. hafa raskast mjög eftir útbreiðslu kórónuveirunnar. Í tilkynningu félagsins til Kauphallar Íslands þann 23. mars, tveimur dögum eftir að stjórnvöld kynntu hlutastarfaleiðina, kom fram að um 240 starfsmönnum yrði sagt upp og um 92% starfsmanna myndu nýta sér úrræði stjórnvalda. Fjárhagsleg áhrif útbreiðslu veirunnar voru þá enn óljós. Félagið tilkynnti svo þann 28. apríl uppsagnir um 2.000 starfsmanna úr öllum deildum þess. Meirihluti þeirra starfsmanna sem áfram yrðu hjá félaginu myndu sinna hlutastörfum og starfsmenn í fullu starfi sæta launalækkunum.

Heildarfjöldi stöðugilda Icelandair Group var að meðaltali 4.715 á árinu 2019. Innan samstæðunnar eru ásamt flugfélaginu Icelandair ehf. dótturfélögin Air Iceland Connect (Flugfélag Íslands ehf.), ferðaskrifstofan Iceland Travel ehf., Loftleiðir-Icelandic ehf., Icelandair Cargo ehf. og ferðaskrifstofan Vita (Feria ehf.). Samstæðan seldi 75% hlut sinn í Icelandair Hotels (Flugleiðahótelum hf.) 3. apríl 2020.

Í svari Vinnumálastofnunar til Ríkisendurskoðunar 14. maí kom fram að 2.493 starfsmenn Icelandair ehf. hefðu fengið greitt samkvæmt úrræðinu. Hlutabætur vegna þeirra námu alls 926,1 m.kr. í mars og apríl. Greiðslur til 502 starfsmanna Flugleiðahótela hf. námu 248,1 m.kr. Þar af voru greiðslur í mars 87,2 m.kr. Félögin tvö fengu hæstu samanlögðu greiðslurnar frá Vinnumálastofnun vegna hlutabóta á tímabilinu.

Hlutabætur vegna 106 starfsmanna Iceland Travel í mars og apríl námu 42,5 m.kr., vegna 148 starfsmanna Flugfélags Íslands 40,3 m.kr. og 11,3 m.kr. vegna 37 starfsmanna Icelandair Cargo. Að lokum námu hlutabætur vegna 26 starfsmanna Feria 7,4 m.kr. og 1,6 m.kr. vegna sex starfsmanna Loftleiða-Icelandic.

Heildargreiðsla vegna hlutabóta til starfsmanna fyrirtækja Icelandair Group, og vegna greiðslna til Flugleiðahótela í marsmánuði, nam því 1.116 m.kr. Heildarfjöldi starfsmanna sem fékk greitt samkvæmt úrræðinu var 3.318. Af þeim voru eins og áður segir 502 starfsmenn Flugleiðahótela.

## 3 Framkvæmd og álitamál

### 3.1 Fjöldi umsókna og kostnaður umfram spár

Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar hafa um 37 þúsund launamenn og 6.400 vinnuveitendur nýtt úrræði stjórnvalda vegna minnkaðs starfshlutfalls. Þetta er mun meiri fjöldi en gert var ráð fyrir þegar úrræðið var upphaflega kynnt á Alþingi með frumvarpi sem síðar var samþykkt sem lög nr. 23/2020 um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðarsjóð launa. Í greinargerð frumvarpsins, sem var lagt fram 13. mars 2020, var gert ráð fyrir að um 1.000 manns myndu nýta sér úrræðið og kostnaður þess myndi nema um 755 m.kr.

Meðan málið var enn í meðförum Alþingis varð ljóst að efnahagsleg áhrif faraldursins yrðu meiri en upphaflega var talið, m.a. vegna alþjóðlegs ferðabanns, og kostnaðurinn myndi aukast. Eftir að hlutastarfaleiðin var lögfest þann 20. mars 2020 taldi forstjóri Vinnumálastofnunar að varlega áætlað gæti kostnaðurinn orðið 3 ma.kr. ef 5.000 einstaklingar nýttu sér leiðina en að hann gæti orðið 6,4 ma.kr. ef fjöldinn yrði 10.000. Þá væri mikil óvissa um starfshlutfall þeirra sem nýta myndu leiðina, eftir því sem það yrði lægra myndi kostnaður Atvinnuleysistryggingasjóðs aukast.<sup>1</sup> Þegar ríkisstjórnin kynnti úrræðið á blaðamannafundi þann 21. mars sama ár var gert ráð fyrir mun meiri kostnaði. Samkvæmt kynningunni var talið að viðbótarþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs yrði 22 ma.kr. Ekki var sett fram nein spá um fjölda einstaklinga sem kynnu að nýta sér leiðina en miðað við áætlaða fjárþörf má gera ráð fyrir að fjöldinn yrði um 30 þúsund.

Opnað var fyrir umsóknir á vef Vinnumálastofnunar 25. mars 2020 og samdægurs bárust tæplega 7.000 umsóknir. Í lok dags þann 31. mars sama ár voru umsóknirnar orðnar tæplega 25 þúsund. Í lok dags þann 17. apríl voru umsóknir orðnar rúmlega 32 þúsund. Þá þegar var ljóst að viðbótarfjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna úrræðisins var vanáætluð.

Um miðjan apríl 2020 höfðu þrisvar sinnum fleiri nýtt sér úrræðið en forstjóri Vinnumálastofnunar hafði gert ráð fyrir þegar úrræðið var kynnt. Einungis tveimur dögum eftir að opnað var fyrir umsóknir og fjöldi umsækjenda orðinn tæplega 16 þúsund var ljóst að sókn í úrræðið var mikil og úr ýmsum greinum atvinnulífsins. Haft var eftir forstjóra Vinnumálastofnunar í fjölmiðlum að:

*„Í raun gætu því nánast allir Íslendingar á vinnumarkaði átt rétt á [úrræðinu], þar sem samdráttur er á nánast öllum sviðum atvinnulífsins, og allflest fyrirtæki nýtt sér þetta úrræði.“<sup>2</sup>*

Gögn um nýtingu úrræðisins í mars og apríl renna stoðum undir þessa túlkun.

<sup>1</sup> Stundin, „[Fólk geti sótt um minnkað starfshlutfall á vefnum](#)“, 23. mars 2020.

<sup>2</sup> Stundin, „[8% af íslenskum vinnumarkaði hefur sótt um hlutabætur](#)“, 27. mars 2020.

### 3.2 Ábendingar um misnotkun og ásókn fyrirtækja með sterkan efnahag

Fljótlega eftir að opnað var fyrir umsóknir kom í ljós að fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem áttu ekki í bráðum vanda við að mæta skuldbindingum sínum um launagreiðslur og höfðu jafnvel ekki orðið fyrir samdrætti vegna heimsfaraldurs kórónuveiru nýttu sér úrræðið.

Þá komu einnig í ljós dæmi þess að vinnuveitendur slitu ráðningarsambandi við starfsmenn eftir að starfshlutfall var minnkað og töldu að þeir myndu njóta greiðslna úr Atvinnuleysis-tryggingasjóði samkvæmt hlutastarfaleið. Þann [15. apríl tilkynnti Vinnumálastofnun](#) að það væri grundvallarskilyrði fyrir greiðslu að ráðningarsamband launamanns og vinnuveitanda væri í gildi, þ.e. hlutastarfaleiðin væri ekki í boði á uppsagnarfresti starfsmanna. [Í tilkynningu frá Samtökum atvinnulífsins](#) var bent á að viðkomandi lagaákvæði væri óljóst og hefðu þau túlkað það fyrirtækjum í hag. Samtökin beindu því til aðildarfyrirtækja sinna að haga uppsögnum og samningum um hlutastörf í samræmi við túlkun Vinnumálastofnunar.

Auk þess að einstaklingum sem höfðu samþykkt að fara hlutastarfaleiðina hafi verið sagt upp hefur Vinnumálastofnun fengið ábendingar um að úrræðið sé misnotað eftir öðrum leiðum. Til að mynda að launamenn séu látnir skila meira vinnuframlagi en lækkað starfshlutfall segir til um og að starfshlutfall einstaklinga hafi verið lækkað afturvirkir án þess að sú hafi verið raunin.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun hafa einnig komið upp tilfelli sem gefa tilefni til að hugað verði sérstaklega að umsóknum einstaklinga sem starfa hjá eigin fyrirtækjum. Viðkomandi sækja um greiðslur líkt og aðrir launamenn en skila einnig gögnum og staðfesta samkomulag sem vinnuveitendur. Dæmi er um að laun eftir minnkað starfshlutfall endurspegli ekki launagreiðslur áður en starfshlutfall minnkaði.

Samkvæmt 2. mgr. a-liðar 1. gr. laga nr. 23/2020 skal reikna út hlutabætur miðað við meðaltal heildarlauna síðustu þriggja mánaða áður en launamaður missti starf sitt að hluta. Í ljósi þessa aflaði Ríkisendurskoðun upplýsinga frá embætti Ríkisskattstjóra um hversu margir launagreiðendur hafi óskað eftir að hækka áður tilkynnt laun og reiknað endurgjald. Í svörum Ríkisskattstjóra kemur fram að 160 launagreiðendur hafi óskað eftir breytingum til hækkunar. Af þessum 160 launagreiðendum hafa 99 óskað eftir breytingum á launagreiðslum fyrir janúar og febrúar. Heildarbreyting á launum í janúar og febrúar 2020 nemur rúmum 114 m.kr. til hækkunar. Fjöldi þeirra sem óskað hafa eftir hækkun á áður tilkynntum launum og reiknuðu endurgjaldi fyrir janúar og febrúar 2020 er meiri en venjulega og þá er fjárhæðin að sama skapi hærrí en venjulegt er. Í flestum tilvikum er um að ræða aðila sem starfa við eigin atvinnurekstur. Leiða má líkum að því að meirihluti umræddra breytinga byggir á hæpnum grunni og tilgangurinn sé að ná hærrí greiðslum úr ríkissjóði. Ríkisendurskoðun telur að svo miklar breytingar vekji upp spurningar um ástæður umræddra breytinga og að kanna þurfi réttmæti þeirra

### 3.3 Eftirlit látið mæta afgangi meðan álag er mikið

Vinnumálastofnun hefur allt frá því að úrræðið var lögfest haft heimild til að óska eftir gögnum og rökstuðningi frá vinnuveitendum sem nýta hlutastarfaleiðina, samanber lög nr. 23/2020. Sökum álags og tímaskorts hefur stofnunin ekki nýtt þessa heimild. Samkvæmt upplýsingum

frá Vinnumálastofnun er fyrirhugað að auka áherslu á eftirlit þegar álag á framlínubjónustu er snýr að afgreiðslu umsókna, móttöku gagna, upplýsingagjöf til umsækjenda og fyrirspurna til stofnunarinnar minnkar. Komið hafa fram skýr fyrirmæli frá stjórnvöldum um að eftirlit með úrræðinu skuli fara fram þegar álag á stofnunina minnkar.

Þar sem greiðslur hlutabóta fara í gegnum atvinnuleysistryggingakerfi Vinnumálastofnunar ná venjubundnar eftirlitsaðgerðir stofnunarinnar til þeirra. Til að mynda er stofnunin með beina tengingu við staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra. Allar tekjur á því tímabili sem einstaklingar fá greiddar atvinnuleysisbætur (þar á meðal bætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli) eru því sýnilegar í kerfum Vinnumálastofnunar og eru nýttar við eftirlit með greiðslum þegar staðgreiðslu hefur verið skilað.

Samkvæmt svari Vinnumálastofnunar, dagsettu 14. maí 2020, við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar er stofnunin að móta eftirlit sem snýr beint að hlutabótum og þeim atvikum sem koma upp í framkvæmd þeirra. Eftirlit með sumum þáttum úrræðisins er þegar hafið og við upphaf verkefnisins var sett á fót sérstök eining til að taka á móti og vinna úr ábendingum um misnotkun eða ofgreiðslur. Fimm starfsmenn sinna nú eftirliti með greiðslum atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli. Til að bregðast við þeim fjölda sem sótt hafa um hefur stofnunin þurft að ráða nýtt fólk og færa ný verkefni til starfsfólks sem áður var í öðrum störfum. Benda má á að Vinnumálastofnun var tryggð 100 m.kr. viðbótarfjárveiting vegna aukinna verkefna og heimild til að ráða 35 nýja starfsmenn.<sup>3</sup> Þá hefur Vinnumálastofnun upplýst að samkeyrslur við skrár Ríkisskattstjóra hafa farið fram vegna útborgunar hlutastarfabóta 1. júní nk.

Ríkisendurskoðun óskaði einnig eftir upplýsingum frá félagsmálaráðuneyti um hvernig ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd hlutastarfaleiðarinnar. Í svörum þess dagsettu 18. maí 2020 kom fram að það væri í nánú sambandi við Vinnumálastofnun sem upplýsti ráðuneytið reglulega um framkvæmdina. Ráðuneytið upplýsti svo aftur ríkisstjórnina um stöðu mála, m.a. með minnisblöðum. Ráðuneytið bendir þó á að það hafi engar heimildir til að hlutast til um ákvarðanir Vinnumálastofnunar samkvæmt lögum. Ráðherra getur þó með vísan til almennra stjórnunar- og eftirlitsheimilda óskað eftir upplýsingum um framkvæmd úrræðisins en ekki hefur þótt ástæða til þess.

Ríkisendurskoðun áréttar nauðsyn þess að virkt og öflugt eftirlit sé með jafn miklum útgreiðslum úr ríkissjóði og bendir á að eftir þá athugun sem fram hefur farið að fullt tilefni sé til þess. Þá sé jafnframt nauðsynlegt að Vinnumálastofnun vinni með hlutaðeigandi stjórnvöldum að nauðsynlegu eftirliti með greiðslum hlutastarfabóta.

### **3.4 Breyttar áherslur samhliða framlengingu úrræðisins**

Hafa verður í huga að eftirlitsheimildir Vinnumálastofnunar og ákvæði um skilyrði fyrir rétti til úrræðisins eru mjög almenn samkvæmt lögum nr. 23/2020. Forsætisráðherra hefur bent á að úrræðið hafi verið innleitt í miklum flýti og hafi fyrst og fremst verið ætlað að tryggja lífsafkomu fólks og viðhalda ráðningarsambandi. Ákveðið hafi verið að hafa úrræðið opið svo koma mætti í veg fyrir hindranir að því markmiði. Eftir að í ljós kom að fyrirtæki sem ekki áttu í bráðum

---

<sup>3</sup> Til samanburðar má nefna að í Svíþjóð, þar sem stjórnvöld réðust í sambærilega aðgerð, voru um 100 sérfræðingar frá skattayfirvöldum fengnir til að sinna eftirliti. Þótt sérfræðiþekking vegna eftirlits sé sótt til skattayfirvalda er framkvæmd úrræðisins í Svíþjóð á hendi [Tillväxtverket](#).



rekstrarvanda og bjuggu að sterkum efnahag sem og opinberir aðilar og sveitarfélög höfðu nýtt úrræðið, var það afdráttarlaus afstaða stjórnvalda að við endurskoðun og framlengingu hlutastarfaleiðarinnar yrðu sett sambærileg skilyrði fyrir úrræðinu og finna má í öðrum aðgerðum stjórnvalda vegna COVID-19.

Haft hefur verið eftir forsætisráðherra að öllum fyrirtækjum sem hafa nýtt sér hlutastarfaleiðina verði sent bréf þar sem óskað verður eftir rökstuðningi fyrir skerðingu starfshlutfalls. Fjármála- og efnahagsráðherra hefur sagt að ef í ljós kemur að fyrirtæki hafi nýtt sér úrræðið án „fullnægjandi skýringa“ sé ekki útilokað að farið verði fram á að þau endurgreiði ríkinu. Nokkur fyrirtæki hafa boðað að þau muni hverfa frá nýtingu hlutastarfaleiðarinnar og að minnsta kosti sjö hafa boðað endurgreiðslu á framlagi Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ekki er ljóst hvernig staðið verður að slíkri endurgreiðslu.

Eins og komið hefur fram eru lög 23/2020 ekki margorð um þau skilyrði sem uppfylla þarf svo að hlutabætur séu greiddar. Skilyrðin eru þó nokkuð ólík hvað varðar launamenn annars vegar og sjálfstætt starfandi einstaklinga hins vegar. Hvað launamenn varðar kveða löggin á um að um tímabundinn samdrátt í starfsemi vinnuveitanda sé að ræða en í tilviki sjálfstætt starfandi einstaklinga verður að vera verulegur samdráttur í rekstri sem leiðir til tímabundinnar stöðvunar á rekstri. Löggin hafa ekki að geyma frekari skilgreiningar á því hvað felist í tímabundnum samdrætti eða hvað telst vera verulegur samdráttur.

Hafa verður í huga hver sé tilgangur laga 23/2020 og hvert markmiðið með úrræðinu er samanber m.a. lögskýringargögn s.s. greinargerð með [frumvarpi](#) því sem varð að lögum nr. 23/2020 og [nefndarálit](#). Í greinargerðinni kemur fram að tilefni lagasetningarinnar sé óvissa á vinnumarkaði vegna COVID-19. Ennfremur kemur fram að Samtök atvinnurekenda muni hvetja fyrirtæki sem eigi í tímabundnum rekstrarvanda að nýta þann kost að lækka starfshlutfall starfsmanna sinna tímabundið fremur en að grípa til uppsagna. Af þessu má ráða að sá samdráttur sem vinnuveitendur vísa til þegar starfshlutfall starfsmanna er lækkað verður að vera vegna COVID-19. Þá má einnig benda á að samdrátturinn verður að leiða til rekstrarvanda hjá fyrirtækjum og af þeim sökum ættu fyrirtæki með sterkan efnahag að geta staðið af sér tímabundna rekstrarsveiflu án þess að þurfa að grípa til uppsagna starfsfólks eða lækunar á starfshlutfalli. Allt þetta eru atriði sem Vinnumálastofnun ber að leggja til grundvallar þegar meta á hvort heimilt sé eða heimilt hafi verið að greiða hlutabætur til launamanna. Í lögum nr. 23/2020 hefur Vinnumálastofnun heimild til að óska eftir upplýsingum og gögnum frá vinnuveitanda launamanns sem settur hefur verið í lægra starfshlutfall.

Í því frumvarpi sem lagt hefur verið fram á Alþingi um framlengingu úrræðisins (sjá kafla 1.3.1) er að finna hert skilyrði fyrir rétti til úrræðisins, auknar eftirlitsheimildir, úrræði til aðhalds og viðurlög við misnotkun. Þar á meðal er heimild til að birta nöfn þeirra vinnuveitenda sem nýta sér úrræðið. Þessi ákvæði eru þó ekki afturvirk heldur taka þau einungis til þeirra sem munu nýta hlutastarfaleiðina frá 1. júní.

Ríkisendurskoðun bendir á að hert skilyrði gagnvart vinnuveitendum, t.a.m. hvað snýr að rekstri, fjárhag og fjárhagsskuldbindingum (sbr. kafla 1.3.1) kalla á auknar og breyttar áherslur við eftirlit með úrræðinu af hálfu Vinnumálastofnunar. Venjubundin eftirlitsstarfsemi stofnunarinnar hefur ekki snúist um slíka þætti hingað til eða beinst að starfsemi fyrirtækja. Því er brýnt að Vinnumálastofnun taki þetta nýja verkefni föstum tókum strax frá upphafi og tryggi bæði

nauðsynlega sérfræðipækkingu og aðrar bjargir til að eftirlitið verði markvisst og nái tilætluðum árangri. Í því sambandi verður að vekja athygli á því að upplýsingakerfi sem notuð eru til þess að halda utan um atvinnuleysisbætur eru orðin gömul og tæknilega úrelt. Unnið hefur verið að því hjá Vinnumálastofnun að taka upp nýtt kerfi og er gert ráð fyrir að hið nýja kerfi verði tekið í notkun síðla árs 2020. Við endurskoðun ársreiknings Atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir árið 2018 vakti Ríkisendurskoðun sérstaklega athygli á þessu og að ákveðin öryggisáhætta væri fólgin í notkun þessara gömlu kerfa.

## 4 Nýting úrræðisins eftir atvinnugreinum

Íslensk atvinnugreinaflokkun (ISAT2008) liggur til grundvallar við flokkun á atvinnugreinum og er nýtt bæði til hagsýslugerðar hjá Hagstofu Íslands sem og hjá fyrirtækjaskrá Skattsins. Í gögnum sem Ríkisendurskoðun fékk frá Vinnumálastofnun voru fyrirtæki flokkuð eftir ISAT2008. Stofnunin hefur unnið yfirlit um nýtingu úrræðisins í mars og apríl 2020 eftir atvinnugreinaflokkun og má sjá það í töflu 4.1.


**Tafla 4.1 Yfirlit um nýtingu úrræðisins eftir atvinnugreinaflokkun**

Atvinnugreinar	Vinnuveitendur		Samanlagðar greiðslur í kr.	Fjöldi launamanna	Meðal fjöldi launamanna	Meðalgreiðsla launamanna í kr.
	Fjöldi	%				
Landb, skógrækt	48	0,7%	52.861.483	156	3	338.856
Fiskveiðar	35	0,5%	81.289.380	457	13	177.876
Fiskvinnsla	44	0,7%	93.864.595	365	8	257.163
Iðnaður, vinnsla	408	6,3%	821.432.544	3185	8	257.907
Veitur, meðh. úrg.	16	0,2%	44.043.734	175	11	251.678
Mannvirkjagerð	686	10,7%	581.262.974	1682	2	345.578
Verslun	1036	16,1%	1.880.004.905	6120	6	307.190
Flutningar	228	3,5%	1.546.784.270	4491	20	344.419
Gisting og veit.	739	11,5%	2.441.253.586	6267	8	389.541
Uppl.t., fjarskipti	336	5,2%	384.652.524	1225	4	314.002
Fjármál, tryggingar	94	1,5%	146.487.733	382	4	383.476
Sérfr.þjónusta	959	14,9%	915.963.186	2741	3	334.171
Sérhæfð starfs.	503	7,8%	1.139.682.276	2948	6	386.595
Opinber stjórns.	13	0,2%	12.936.244	48	4	269.505
Fræðslustarfsemi	103	1,6%	86.915.160	239	2	363.662
Heilb./félagsþj.	478	7,4%	404.834.438	1066	2	379.770
Fél, menning, pers. þjón ofl.	620	9,6%	994.465.716	2740	4	362.944
Óflokkað	90	1,4%	40.928.675	135	2	303.175
	<b>6436</b>	<b>100%</b>	<b>11.669.663.423</b>	<b>34422</b>	<b>6</b>	<b>320.417</b>

Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020

Mynd 4.1 sýnir með myndrænum hætti fjölda vinnuveitenda eftir atvinnugreinum.

**Tafla 4.1 Fjöldi vinnuveitenda eftir atvinnugreinum**



Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020

Í töflum 4.2–4.19 má sjá yfirlit um þá 15 vinnuveitendur, þegar það á við, í hverjum atvinnugreinaflokk sem hafa fengið mest greitt frá Vinnumálastofnun vegna hlutastarfaleiðarinnar og fjölda starfsmanna þeirra sem gerður hefur verið samningur við um hlutastörf. Áréttað er að greiðslur fara til launamanna en ekki fyrirtækisins sjálfs. Ekki eru birtar upplýsingar um vinnuveitendur ef um er að ræða færri en 6 launamenn sem fá hlutabætur á grundvelli úrræðisins. Þá eru einungis birtar heildargreiðslur fyrir hvern atvinnugreinaflokk en ekki til einstakra fyrirtækja. Þetta er í samræmi við ákvörðun Vinnumálastofnunar þann 22. maí um að tryggja verði persónuvernduð réttindi einstaklinga sem nýta sér leiðina en jafnframt að tryggja gagnsæja stjórnsýslu og veita aðhald með ráðstöfun á opinberu fé.

Innan atvinnugreinaflokksins landbúnaður og skógrækt (tafla 4.2) má finna m.a. ferðþjónustuaðila sem hafa orðið fyrir miklum áhrifum vegna þeirra aðstæðna sem nú eru í samfélaginu. Langstærsti hluti fyrirtækja innan þessa flokks hafa gert samning við færri en 6 launamenn eða 43 fyrirtæki af 48. Samanlagðar greiðslur til launamanna innan þessa flokks eru 52.861.483 kr.

**Tafla 4.2 Landbúnaður, skógrækt**

Vinnuveitandi	Fjöldi starfsmanna
Friðheimar ehf.	38
Efstidalur 2 ehf.	13
Sjárvarheimur ehf	13
Urta Islandica ehf.	9
Hárækt ehf.	7

Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020

Kórónuveirufaraldurinn hefur haft töluverð áhrif á sjávarútveg eins og sjá má af yfirliti um fyrirtæki sem sinna fiskveiðum og fiskvinnslu í töflum 4.3 og 4.4. Fyrirtæki hafa bæði þurft að senda starfsfólk heim vegna sóttvarnaráðstafana en einnig hefur eftirspurn eftir fiskafurðum minnkað. Nokkur fyrirtæki í þessum flokki hafa þó boðað að þau muni endurgreiða ríkinu hlutabætur sem það greiddi starfsmönnum þess þar sem rekstur hefur gengið betur en útlit var fyrir. Samanlagðar greiðslur til launamanna innan fiskveiða og fiskvinnslu eru samtals 175.153.975 kr. í mars og apríl 2020.

**Tafla 4.3 Fiskveiðar**

Vinnuveitandi	Fjöldi starfsmanna
Útgerðafélag Akureyringa ehf.	129
Samherji Ísland	116
Jakob Valgeir ehf.	60
Búlandstindur ehf.	57
Fiskeldið Haukamýri ehf.	12
Hábrún hf.	10
Rifós hf.	10
FISK Seafood ehf.	9
Hrísey Seafood ehf.	8
Einhamar Seafood ehf.	6
Tungusilungur ehf.	6

Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020

**Tafla 4.4 Fiskvinnsla**

Vinnuveitandi	Fjöldi starfsmanna
Kampi ehf.	40
Vignir G. Jónsson ehf.	39
Akraborg ehf.	30
Norðanfiskur ehf.	25
Rammi hf.	22
Tor ehf.	22
Matorka ehf.	20
Hólmadrangur ehf.	19
Svalpúfa ehf	13
KEF seafood ehf.	12
Stellar Seafood ehf.	12
Ísver ehf.	10
GSE ehf.	8
NORA Seafood ehf.	7
N.G. Fish ehf.	6

Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020

Kórónuveirufaraldurinn hefur einnig haft víðtæk áhrif á iðnað og framleiðslu ýmiss konar samanber töflu 4.5, bæði vegna sóttvarnaráðstafana en einnig vegna minnkandi eftirspurnar. Alls hafa verið gerðir samningar við 408 launamenn í mars og apríl 2020 og heildargreiðslur vegna þeirra numið 821.432.544 kr.

**Tafla 4.5 Iðnaður, vinnsla og framleiðsla**

Vinnuveitandi	Fjöldi starfsmanna
Össur Iceland ehf.	166
Ölgerðin Egill Skallagríms hf.	109
Slippurinn Akureyri ehf.	90
Kjarnafæði hf.	82
Límtré Vírnet ehf.	77
VHE ehf.	72
PCC BakkiSilicon hf.	64
Prentmet Oddi ehf.	60
Bakameistarinn ehf.	46
Esja Gæðafæði ehf.	45
Skaginn hf.	43
Blikksmiðurinn hf.	43
3X Technology ehf.	37
Merking ehf.	37
S. Helgason ehf.	21

Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020

Þá hafa mörg þjónustufyrirtæki fundið fyrir áhrifum eins og sjá má af yfirliti um fyrirtæki sem sinna meðhöndlun úrgangs (tafla 4.6) en samanlagðar greiðslur til launamanna fyrirtækja innan þess flokks nema 44.043.734 kr. á sama tímabili.

**Tafla 4.6 Veitur, meðhöndlun úrgangs**

Vinnuveitandi	Fjöldi starfsmanna
Íslenska gámafélagið ehf.	80
SORPA bs.	36
Terra umhverfisþjónusta hf.	20
Terra Efnaeyðing hf.	11

Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020

Töluverður samdráttur hefur orðið innan atvinnugreinaflokksins mannvirkjagerð og byggingastarfsemi (tafla 4.7) en alls hafa 686 vinnuveitendur gert samning við launamenn vegna hlutabótaúrræðisins í þessum flokki sem samtals hafa fengið greitt 581.262.974 kr. Mikill meirihluti þessara aðila gerðu samning við 1–5 launamenn eða 626 vinnuveitendur.

**Tafla 4.7 Mannvirkjagerð og byggingastarfsemi**

Vinnuveitandi	Fjöldi starfsmanna
Raflausnir rafverktakar ehf.	22
TG raf ehf.	19
Ingi & son ehf.	16
SI raflagnir ehf	16
Böggur ehf.	16
Rafal ehf.	16
Hrísey ehf.	15
Tengill ehf.	15
S.G. bygg ehf.	12
Lagnaþjónusta Suðurnesja ehf.	12
GG járn ehf.	10
Rafvirkni ehf	10
HH byggingar ehf.	10
Verklag ehf.	9
Vélaleiga HB ehf	7

Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020

Í atvinnugreinaflokknum verslun (tafla 4.8) má finna bæði heild- og smásöluverslanir. Bifreiðumboð og viðgerðarverkstæði fyrir vélknúin ökutæki falla einnig í þennan flokk. Áhrif á verslun hefur verið umtalsverð og hafa sumar verslanir þurft að loka eða draga verulega úr afgreiðslutíma sínum. Alls hafa 1.036 vinnuveitendur í þessum flokki gert samning við 6.120 launamenn um hlutastörf. Samtals greiðslur til launamanna innan hans í mars og apríl 2020 námu 1.880.004.905 kr.

**Tafla 4.8 Verslun**

Vinnuveitandi	Fjöldi starfsmanna
Miklartorg hf.	180
Brimborg ehf.	165
N1 ehf.	156
Húsasmiðjan ehf.	148
Penninn ehf.	135
Olíuverzlun Íslands ehf.	133
TK bílar ehf.	131
Bílaumboðið Askja ehf.	112
Byko ehf.	109
Hekla hf.	105
Te og kaffi hf.	85
Drífa ehf.	73
NTC ehf.	57
S4S ehf.	52
Arctic shopping ehf.	48

Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020

Áhrif kórónuveirufaraldursins má sjá greinilega á atvinnugreinaflokkana flutning (tafla 4.9) og rekstur gisti- og veitingastaða (tafla 4.10) enda eru þessar atvinnugreinar hvað mest háðar ferðamönnum um rekstur sinn. Í þessum flokkum má finna þau fyrirtæki sem hafa þurft að gera samkomulag við flesta starfsmenn um hlutastörf og hafa einnig fengið hæstu greiðslur frá Vinnumálastofnun vegna þeirra. Alls hafa 967 vinnuveitendur í þessum tveimur flokkum gert samning við 10.758 launamenn um hlutastörf og þeim verið greiddar samtals 3.988.037.856 kr.

**Tafla 4.9 Flutningar**

Vinnuveitandi	Fjöldi starfsmanna
Icelandair ehf.	2.493
Íslandspóstur ohf.	154
APA ehf.	153
Fríhöfnin ehf.	152
Flugfélag Íslands ehf.	148
Hópbifreiðar Kynnisferða ehf.	92
Ferðaskrifstofa Kynnisferða ehf	59
Hópbílar hf.	48
Guðmundur Jónasson ehf.	37
Icelandair Cargo ehf.	37
Teitur Jónasson ehf	32
Bus4u - Iceland ehf.	29
Special Tours ehf.	24
Bustravel Iceland ehf.	24
Akstursþjónustan ehf.	23

Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020



**Tafla 4.10 Rekstur gististaða og veitingarekstur**

Vinnuveitandi	Fjöldi starfsmanna
Flugleiðahótel hf.	502
Íslandshótel hf.	365
Miðbæjarhótel/Centerhotels ehf.	201
Keahótel ehf.	153
Fosshótel Reykjavík ehf.	108
Stjarnan ehf.	83
FoodCo hf.	79
Skólatur ehf.	74
Múlakaffi ehf.	58
Hótel Saga ehf.	55
Lagardère travel retail ehf.	49
Cabin ehf.	47
Hótel Klettur ehf.	42
Hótel Selfoss ehf.	40
HRC Ísland ehf.	37

Heimild: Vinnuálastofnun, 15. maí 2020

Undir upplýsingar og fjarskipti (tafla 4.11) telst framleiðsla, dreifing og miðlun upplýsinga, menningarafurða og gagna auk fjarskipta og ýmis þjónustustarfsemi á sviði upplýsinga. Alls hafa verið gerðir samningar við 336 launamenn sem hafa samtals fengið greiddar 384.652.524 kr. á tímabilinu.

**Tafla 4.11 Upplýsingar og fjarskipti**

Vinnuveitandi	Fjöldi starfsmanna
Sýn hf.	81
Annata ehf.	38
Forlagið ehf.	34
Advania Ísland ehf.	33
Dohop ehf.	25
Sam-félagið ehf.	25
Sena ehf.	17
Sahara ehf.	17
Flekaskil ehf.	16
Myrkur Games ehf.	15
Travelshift ehf.	15
Truenorth Nordic ehf.	12
Þrjúbíó ehf.	11
Myndform ehf.	11
Luxor tækjaleiga ehf.	10

Heimild: Vinnuálastofnun, 15. maí 2020

Í töflu 4.12 má finna þau útgáfufyrirtæki sem hafa gert samning við 6 eða fleiri launamenn.

**Tafla 4.12 Útgáfustarfsemi blaða og tímarita**

Vinnuveitandi	Fjöldi starfsmanna
Myllusetur ehf.	15
N4 ehf.	8
Fröken ehf.	6

Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020

Í flokkinn fjármálastarfsemi og tryggingar (tafla 4.13) telst starfsemi tengd fjármálaþjónusta, trygginga og lífeyrissjóða. Einnig starfsemi við eignarhaldsfélög, fjárvörslusjóði og önnur fjársýslufélög. Samtals greiðslur til launamanna í þessum flokki nema 146.487.733 kr. í mars og apríl 2020.

**Tafla 4.13 Fjármálastarfsemi og tryggingar**

Vinnuveitandi	Fjöldi starfsmanna
H & M Hennes & Mauritz Ice. ehf	91
Snæland Grímsson ehf	38
GTS ehf.	19
Íslensk myndgreining ehf.	14
Geysir ehf.	13
Clippers ehf.	12
Tryggingamiðlun Íslands ehf.	10
Bárukór ehf.	9
City Center Hótel ehf.	9
Novis Ísland ehf.	8
Dra ehf.	6
Gerandi ehf.	6
Janey ehf.	6

Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020

Í atvinnugreinaflokknum sérfræðiþjónusta (tafla 4.14) eru m.a. fasteignaviðskipti, starfsemi á sviði lögfræði, bókhalds, stjórnunar, arkitektúrs og verkfræði; tæknilegar prófanir og greining. Einnig flokkast vísindarannsóknir og þróunarstarf, sem og önnur fagleg, vísindaleg eða tæknileg starfsemi sem sérfræðiþjónusta. Alls hafa 959 vinnuveitendur í þessum flokki gert samning um hlutastörf við launamenn sína og mikill meirihluti þeirra (869) við 1-5 starfsmenn. Samtals voru greiðslur til 2.741 launamanna 915.963.186 kr. innan þessa flokks í mars og apríl 2020.

**Tafla 4.14 Sérfræðiþjónusta**

Vinnuveitandi	Fjöldi starfsmanna
Sjóklæðagerðin hf.	87
Mannvit hf.	81
Frumherji hf.	54
ORF Líftækni hf.	49
Efla hf.	34
Harpa tónlistar- og ráðste ohf.	34
Capacent ehf.	31
Ístak hf.	31
Eignarhald ehf.	29
CRI hf.	25
Íslenska auglýsingastofan ehf.	25
Genís hf.	24
Brandenburg ehf.	22
Airport Direct ehf.	21
Heilsumiðstöðin 108 Reykjav ehf.	20

Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020

Undir sérhæfða starfsemi (tafla 4.15) flokkast ýmiss konar leigustarfsemi, atvinnumiðlun, ferðaskrifstofur, öryggis- og rannsóknastarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta eins og þrif, fasteignaumsýsla, skrifstofuþjónusta og önnur þjónusta við atvinnurekstur. Gerðir hafa verið samningar við 2948 launamenn innan þessa flokks og nema greiðslur til þeirra í mars og apríl 2020 samtals 1.139.681.276 kr.

**Tafla 4.15 Sérhæfð starfsemi**

Vinnuveitandi	Fjöldi starfsmanna
Höldur ehf.	183
Öryggismiðstöð Íslands hf.	142
Allrahanda GL ehf.	109
Iceland Travel ehf.	106
Bílaleiga Flugleiða ehf.	94
Straumhvarf ehf.	86
ALP hf.	84
Dagar hf.	78
Arcanum Fjallaleiðsögumenn ehf.	59
Nordic Visitor hf.	54
BLUE Car Rental ehf.	42
Atlantik ehf.	36
Reykjavík Sightseeing Inve ehf.	28
Elding Hvalaskoðun Reykjav ehf.	27
Grundir ehf.	26

Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020

Í töflu 4.16 má finna þá opinberu aðila sem gert hafa samning við 6 eða fleiri launamenn á grundvelli hlutastarfaleiðarinnar. Samtals nema greiðslur til 48 launamanna innan þessa flokks 12.936.244 kr. Athygli vekur að opinberir aðilar, þ.m.t. sveitarfélög, hafi nýtt úrræðið þegar öll lögskýringargögn benda til að því hafi verið beint að launamönnum fyrirtækja. Þannig hafi ekki verið ætlunin að opinberir aðilar nýttu sér hlutastarfaleiðina. Taka verður fram að í nýju lagafrumvarpi um framlengingu hlutastarfaleiðarinnar er opinberum aðilum óheimilt að nýta úrræðið.

**Tafla 4.16 Opnber stjórnsýsla**

Vinnuveitandi	Fjöldi starfsmanna
Skútustaðahreppur	15
Dalvíkurbyggð	6
Strandabyggð	6

Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020

Undir fræðslustarfsemi (tafla 4.17) flokkast kennsla á öllum stigum og í öllum námsgreinum hvort sem er í dagskólum eða kvöldskólum. Einnig kennsla sem snýr að íþrótt- og tólmstunda- iðkun sem og þjónustustarfsemi á sviði menntunar. Alls hafa 103 vinnuveitendur gert samning við 239 launamenn um hlutastörf innan þessa flokks. Samtals greiðslur vegna þeirra voru 86.915.160 kr. í mars og apríl 2020.

**Tafla 4.17 Fræðslustarfsemi**

Vinnuveitandi	Fjöldi starfsmanna
Flyover Iceland ehf.	24
Kaffismiðja Íslands ehf.	16
Dansrækt-JSB ehf.	10
Leikskólinn Sælukot	10
Fjölsmiðjan	8
Keilir, miðstöð vísinda ehf.	7
Tungumálaskólinn ehf.	7
Retor sf.	6
Úthópía ehf.	6
TRU Flight Training Iceland ehf.	6
Leiðtogaþjálfun ehf.	6

Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020

Undir heilbrigðis- og félagsþjónustu (tafla 4.18) fellur starfsemi sjúkrahúsa, hressingarhæla, hjúkrunarheimila og annarra heilbrigðisstofnana sem veita greiningar- og lækni meðferð. Hér undir falla einnig heimilislæknar, sérfræðingar og starfsemi tannlækna. Þá tilheyra flokknum önnur heilbrigðisþjónusta eins og starfsemi sjúkrapjálfa og sálfræðinga sem og umönnun á dvalarheimilum. Undir félagsþjónustu fellur ýmiskonar félagsleg aðstoð sem veitt er beint til viðskiptavina. Gerðir hafa verið samningar við 1.066 launamenn hjá 478 vinnuveitendum og samtals greiðslur vegna þeirra numið 404.834.438 kr. í mars og apríl 2020.

**Tafla 4.18 Heilbrigðis- og félagsþjónusta**

Vinnuveitandi	Fjöldi starfsmanna
Hljá ehf.	16
Stoðkerfi ehf.	15
Læknasetrið ehf.	15
Læknastöðin ehf.	15
Livio Reykjavík ehf.	14
Handlæknastöðin ehf.	14
Sjónlag hf.	12
Tannlæknþjónustan slf.	12
Húðlæknastöðin ehf.	12
Krýna ehf.	11
Teinar slf.	11
Brosið Heilsuklinik slf.	10
Reykjatangi ehf.	8
Glerharður ehf.	8
Tannlæknastofan Valhöll ehf.	8

Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020

Yfirlit um flokkinn félög, menning, persónuleg þjónusta o.fl. má finna í töflu 4.19. Innan hans lenda nokkrir atvinnugreinaflokkar. Má þar nefna ýmiss konar starfsemi á sviði menningar, skemmtunar, tómstunda og félagasamtaka. Einnig viðgerðir á tölvum og búnaði til einka- og heimilisnota sem og ýmiskonar persónuleg þjónustustarfsemi sem er ótalin annars staðar í flokkunarkerfinu. Samtals greiðslur til 2.740 launamanna innan flokksins voru 994.465.716 kr. í mars og apríl 2020.

**Tafla 4.19 Félög, menning, persónuleg þjónusta ofl.**

Vinnuveitandi	Fjöldi starfsmanna
Bláa Lónið hf.	441
Laugar ehf.	117
Félagsstofnun stúdenta	75
Leikfélag Reykjavíkur ses.	68
Gleðipinnar ehf.	36
Nostra ræstingar ehf.	36
Fönn - Þvottaþjónustan ehf.	35
ÍBV-Íþróttafélag	32
Knattspyrnufélagið Valur	32
Eldhestar ehf	31
Farfuglar ses.	28
Ungmennafélagið Fjölnir	24
Hreyfing ehf.	22
Perla norðursins hf.	20
Knattspyrnudeild U.M.F.G.	16

Heimild: Vinnumálastofnun, 15. maí 2020



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 448-8800

[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)